

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Akraneskaupstað.

#### 1. gr.

Af hundum á Akranesi skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald á Akranesi, nr. 782/2010, sbr. 11. gr. hennar.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| a) Skráning   | kr. 17.258 |
| b) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. og 2. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald á Akranesi nr. 782/2010 | kr. 21.509 |

#### 3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- |  |            |
|--|------------|
| a) Fyrir hvern hund  | kr. 21.509 |
| b) Fyrir hvern hund þegar eigandi hefur lokið námskeiði, sbr. 7. gr. þessarar gjaldskrár | kr. 10.755 |

#### 4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. gr. a) og 3. gr. svo og árleg ormahreinsun.

#### 5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| a) Fyrsta afhending hunds                                 | kr. 21.509 |
| b) Önnur afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða  | kr. 28.696 |
| c) Þriðja afhending hunds, ef hún er innan tveggja mánaða | kr. 35.851 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 6. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. febrúar og eindagi er 1. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

#### 7. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hunduppeldi, viðurkenndu af skipulags- og umhverfis- sviði Akraneskaupstaðar lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um 50%.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

#### 8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 782/2010, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Akraneskaupstað nr. 1374/2020.

Gjaldskráin var samþykkt af bæjarstjórn Akraness þann 14. desember 2021.  
Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 17. desember 2021.*

**Sævar Freyr Þráinsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2021